

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 30. apríl 2019 í máli nr. S-116/2019:

Ákærvaldið

(Alda Hrönn Jóhannsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Victor Yinusa

(Halldóra Aðalsteinsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var tekið til dóms 3. apríl sl., höfðaði lögreglustjórinn á Suðurnesjum með ákæru 18. febrúar 2019, á hendur Victor Yinusa, fæddum [...], nigerískum ríkisborgara;

„fyrir misnotkun skjals, með því að hafa, sunnudaginn 2. desember 2018, framvísað við landamæragæslu í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, í blekkingarskyni, er hann var á leið til Montreal, Kanada, með flugi [...], bandarísku vegabréfi, ánöfnuðu [...], fd. 03.09.1973, nr. [...] með gildistíma 20.07.2015 til 19.07.2025.

Telst þessi háttsemi ákærða varða við 1. mgr. 157. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá gerir skipaður verjandi kröfu um hæfilega þóknun sér til handa vegna starfa á rannsóknarstigi og fyrir dómi auk ferðakostnaðar.

Við þingfestingu máls þessa játaði ákærði brot sitt án undandráttar. Játning ákærða fær stoð í gögnum málsins. Samkvæmt því þykir sannað að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða. Farið var með mál þetta samkvæmt 164. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og var það tekið til dóms án frekari sönnunarfærslu er sækjanda og verjanda ákærða hafði verið gefinn kostur á að tjá sig um lagaatriði máls og ákvörðun viðurlaga.

Sakavottorð ákærða liggur ekki frammi í málinu. Engra gagna nýtur við um að ákærði hafi áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Verður við ákvörðun refsingar tekið mið af þeirri staðreynd, sem og skýlausri játningu ákærða.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ákærði geti talist hafa stöðu flóttamanns. Eins og málið liggur fyrir þykir því ekki vera efni til þess að víkja frá fastmótaðri dómvenju í málum sem þessu. Að framangreindu virtu og með hliðsjón af dómaframkvæmd þykir refsing ákærða því réttilega ákveðin fangelsi í 30 daga.

Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála verður ákærði dæmdur til að greiða sakarkostnað málsins, sem samkvæmt gögnum málsins er þóknun skipaðs verjanda hans á rannsóknarstigi og fyrir dómi, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, er hæfilega þykir ákveðin 168.640 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, og ferðakostnað verjanda, 2.016 krónur.

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður dómara, kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ:

Ákærði, Victor Yinusa, fæddur [...], sæti fangelsi í 30 daga.

Ákærði greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Halldóru Aðalsteinsdóttur lögmanns, 168.640 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum og ferðakostnað verjanda, 2.016 krónur.

Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir